

**A 1883/præsídiet**

Afgreiðsla Forsætisnefnd

Forsætisnefnd forsætisnefndar um

**Þingmannatillögu  
um eflingu neyðarviðbúnaðar á Norðurlöndum****Tillaga**

Forsætisnefnd leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

*að* forsætisráðherra þess lands sem gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni hafi tafarlaust frumkvæði, þegar alvarlegt neyðarástand skapast, að því að norrænu forsætisráðherrarnir ráðgist hver við annan, greini stöðuna sem upp er komin og kanni út frá því hvort skilyrði séu fyrir nánu samstarfi stjórnvalda í löndunum;

*að* forsætisráðherrarnir skuldbindi sig til að upplýsa hver annan með að lágmarki sólarhrings fyrirvara um sérhverja ráðstöfun sem kann að hafa áhrif á ástandið í norrænu nágrannalandi, íbúa nágrannalandsins eða norrænt samstarf í heild sinni, til að mynda vegna takmarkana sem settar eru á komur til landsins;

*að* neyðarviðbúnaður á Norðurlöndum verði efldur á þann hátt að núverandi norræn tengslanet og stofnanir verði aukin og eflid til að hleypa lífi í og ná til samstarfs á sviði viðbúnaðar og hættustjórnunar;

*að* neyðarviðbúnaður og samfélagsöryggi verði formlegur þáttur í Norrænu ráðherranefndinni.

**Bakgrunnur**

Norrænt frelsi lagði til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

*að* að komið verði á samráði milli norrænu forsætisráðherranna á þann veg að forsætisráðherra þess lands sem gegnir formennsku í Norrænu ráðherranefndinni hafi tafarlaust frumkvæði, þegar alvarlegt neyðarástand skapast, að því að norrænu forsætisráðherrarnir ráðgist hver við annan, greini stöðuna



sem upp er komin og kanni út frá því hvort skilyrði séu fyrir nánú samstarfi stjórnvalda í löndunum.

Reynist svo vera taki neyðarviðbúnaðarnefnd við og skipuleggi og stjórnú upp frá því sameiginlegum aðgerðum og samstarfi.

Reynist svo ekki vera skuldbindi forsætisráðherrarnir sig að lágmarki til að veita hver öðrum upplýsingar um sérhverja ráðstöfun sem kann að hafa áhrif á ástand í norrænu nágrannalandi, íbúa nágrannalandsins eða norrænt samstarf í heild sinni, til að mynda vegna takmarkana sem settar eru á komur til landsins;

*að hún komi á fót norrænni neyðarviðbúnaðarnefnd, sem heyrir beint undir forsætisráðuneyti landanna. Gildir eitt og hið sama um öll norrænu löndin að treysta ber áhrif og vægi neyðarviðbúnaðarnefndarinnar með því að tengja hana beint mikilvægasta ráðuneytinu sem undirstrikar einnig að norrænar kringumstæður skuli ekki álitnar „utanríkismál“ eða „Evrópumál“ heldur þvert á móti málefni sem varða mikla innanlandshagsmuni. Neyðarviðbúnaðarnefndir í löndunum ættu að heyrir undir æðstu yfirmenn forsætisráðuneytanna;*

*að verkswið norrænu samhæfingarráðherranna verði færð í forsætisráðuneytin í því augnamiði að gefa norrænum málefnum mun meira pólitískt og stjórnsýslulegt vægi en verið hefur raunin fram að þessu.*

Þingmannatillagan var til fyrstu afgreiðslu á þemappingi 29. júní 2021 og til annarrar afgreiðslu hjá forsætisnefndinni þann 7. september 2021.

### **Sjónarmið nefndarinnar**

Forsætisnefnd telur þingmannatillöguna þjóna góðum tilgangi en að skýra megi sum atriði í tillögunni. Forsætisnefndin leggur fram uppfærða tillögu til ályktunar, enn fremur að Norðurlandaráð beini tilmælunum til norrænu ríkisstjórnanna en ekki Norrænu ráðherranefndarinnar þar eð þingmannatillagan nefnir forsætisráðherrana en þeir mynda ekki ráðherranefnd innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar.

Forsætisnefndin ákvað því á fundi sínum 7. september að yfirskrift tillögunnar skyldi breytt í „Þingmannatillögu um eflingu neyðarviðbúnaðar á Norðurlöndum“.

Forsætisnefndin telur að formfesta eigi samráð æðstu leiðtoga, sem eru norrænu forsætisráðherrarnir, undir stjórn forsætisráðuneytis formennskulandsins, ef alvarleg neyðarástand skapast.

Forsætisnefnd telur þó að norræn neyðarviðbúnaðarnefnd skipuð fulltrúum norrænu forsætisráðherranna kunni að vera of formlegt og stírt fyrirkomulag og að verkswiðið geti orðið of víðtækt eða sérhæft. Því leggur forsætisnefndin til að núverandi neyðarviðbúnaðareiningar á Norðurlöndum verði styrktar með því að efla norræn samstarfsnet og stofnanir sem fyrir eru til að hleypa lífi í og ná til samstarfs á sviði viðbúnaðar og hættustjórnunar.



Forsætisnefnd telur af sömu ástæðu ekki að færa eigi verksvið norrænu samhæfingarráðherranna yfir í forsætisráðuneytin heldur eigi að formfesta neyðarviðbúnað og samfélagsöryggi í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar, t.a.m. sviðum félags-, umhverfis-, samgöngu- og heilbrigðismála. Norrænu forsætisráðherrarnir bera almenna ábyrgð á norrænu samstarfi en framvísa þeirri ábyrgð til samstarfsráðherranna (MR-SAM) og samstarfsnefndarinnar (NSK) sem sjá um að samhæfa norræna ríkisstjórnasamstarfið frá degi til dags.

Norðurlöndum 7. september 2021

*Annette Lind (S)*

*Aron Emilsson (SD)*

*Bertel Haarder (V)*

*Christian Juhl (EL)*

*Erkki Tuomioja (sd)*

*Gunilla Carlsson (S)*

*Hans Wallmark (M)*

*Jouni Ovaska (cent)*

*Linda Modig (C)*

*Martin Kolberg (A)*

*Michael Tetzschner (H)*

*Wille Rydman (saml)*